



# Áherslur á Lyngbjalla í febrúar

Minnum foreldra á að kynna sér viðburðadagatal febrúarmánaðar
á heimasíðu leikskólans.

## Læsi og samskipti

Við höldum áfram með vinnu sem tengist orðaforðaþemanu okkar „*Umhverfið mitt - Bærinn minn, landið/löndin mín, störf.* Við skoðum t.d. bækur og spil eða förum í leiki þar sem orðaforði þemans kemur fyrir.

*Lubbi finnur málbein*

Við vinnum áfram með málhljóðin Hh og Íí/Ýý auk upprifjunar á fyrri málhljóðum.

## Sköpun og menning



Við höldum áfram að vinna með leir, vatnsliti, málningu, teikningu, skæri , hljóðfæri, og margt fleira, bæði í listasmiðju og inni á deild.

## Heilbrigði og vellíðan

Við förum í íþróttir í íþróttasalnum þar sem við leikum okkur með bolta, æfum jafnvægi og leikum okkur á dýnum. Útiveran er svo á sínum stað eftir hádegið.

## Sjálfbærni og vísindi

Við vinnum með veðurfar, veltum vöngum og gerum tilraunir.

Við ræðum einnig um það sem við hendum og skoðum leiðir til að nýta t.d. pappírinn okkar betur auk þess að spá í matinn sem við fáum okkur á diskinn. Fáum við okkur stundum of mikið? Hvað verður um matinn sem við borðum ekki?



Fréttir frá Lyngbjalla á heimasíðu leikskólans

***Viðburðir í febrúar***

- 1. Skráningar í Heilsubók
- 6. Dagur leikskólans
- 12. Bolludagur
- 13. Sprengidagur
- 14. Öskudagur
- 16. Mömmu og ömmudagur
- 25. Konudagur

***Afmælisbörn í febrúar***

- 8. Hafþór Helgi 3 ára
- 10. Kristín Paris 4 ára
- 13 Atlas Leo 3 ára

***Minnum á mikilvægi þess að foreldrar lesi fyrir börnin sín.***

VIRÐING – UMHYGGJA – SAMVINNA – GLEÐI